



Borgarráð 17. september 2026: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um reglulega uppfærslu á stöðu innleiðingar stjórnkerfisbreytinganna á velferðar- og skóla- og frístundasviði - MSS26090067

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að leggja mánaðarlega eða oftár fram upplýsingar í borgarráði um framvindu innleiðingar á breyttu stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem samþykkt var í borgarráði 25. ágúst sl.

Greinargerð:

Ljóst er að mikil vinna hefur átt sér stað til að bæta innleiðingu á nýju stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs. Í svörum skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara við fyrirspurnum Samfylkingarinnar og Sósíalistaflokks Íslands í borgarráði hefur verið fjallað um ýmsa vinnu sem ekki var tilgreind við samþykkt upphaflegrar tillögu. Er því óskað eftir reglulegri upplýsingagjöf til borgarráðs til að stuðla að því að borgarráðsfulltrúar séu vel upplýstir um vinnuna. Það stuðlar til minni upplýsingaóreiðu.

Meðal þeirra atriða sem óskað er eftir að fá upplýsingar um eru:

Greining á ábendingum starfsfólks á miðstöðvunum og hvernig verður unnið úr þeim
Viðmið og fyrirkomulag endurmatsins eftir áramót
Hverjir lykilmælikvarðar innleiðingaanna eru/verða og hvaða mæling mun liggja að baki
Framsetningu mælikvarða
Þjónustuáætlanir sem verða gerðar
Innleiðingaráætlun
Skilgreining árangursmælikvarða og þjónustumælikvarða
Upplýsingar um grunnstöðu bæði hver hún er og hvenær hún verður tekin
Undirbúningur upplýsingagjafar til íbúa
Hvernig áhrif breytinganna á ólíka hópa verður vöktuð í innleiðingunni
Niðurstöður samantektar eignaskrifstofu á öllum gildandi leigusamningum sem breytingarnar snerta
Verkefni þjónustustrauma í innleiðingu
Kortlagningu viðtalsrýma í nærumhverfi
Skrá yfir staðsetningar, opnunartíma og ábyrgðaraðila
Sundurliðun eftir starfshópum og skipting milli mannaðra og ómannaðra staða
Nýir verkferlar
Útfærsla móttöku
Niðurstaða samtals við Vinnumálastofnun um að sinna atvinnumiðlun fyrir þau sem ekki eiga rétt til atvinnuleysisbóta
Stöðumat sviðsstjóra



Reykjavík